

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 17. febrúar 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fjöleignarhús (hleðslubúnaður fyrir rafbíla), 468. mál**

Samtök Rafverktaka, SART fagna því að lagt sé fram frumvarp er skýrir kostnaðarskiptingu við uppsetningu hleðslubúnaðar fyrir rafbíla í fjöleignarhúsum. Með þessu frumvarpi telur SART að stigið sé mikilvægt skref sem styður við orkuskipti í samgöngum enda getur óvissa um heimild til uppsetningu slíks búnaðar og skiptingu kostnaðar hamlað því að ráðist verður í nauðsynlegar aðgerðir vegna hleðslu rafbíla í eldri fjöleignarhúsum.

Að sama skapi fagnar SART því að í frumvarpinu sé kveðið á um aðkomu löggiltra rafverktaka að framkvæmdum við uppsetningu hleðslubúnaðar. Löggiltir rafverktakar starfa eftir ströngum kröfum sem löggjafinn hefur sett sem snúa fyrst og fremst að öryggi og heilsu almennings.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Kristján D. Sigurbergsson'. The signature is written over a horizontal dashed line.

Kristján D. Sigurbergsson  
Framkvæmdastjóri SART